

Sp.

346. Nefndarálit

um till. til þál. um skipun millipinganefndar til þess að endurskoða bankalöggjöf landsins.

Frá minni hl. fjárveitinganefndar.

Undirritaður minni hluti hefir ekki getað fallizt á, að samþykkja beri þessa þáttill., og greinir til þess eftirfarandi rök.

Það er almennt vitað, að tillagan er borin fram til þess að tefja fyrir því, að frumvarp það, er Alþýðuflokksmenn í neðri deild bera fram um breyting á lögum um Landsbanka Íslands (þskj. 96), nái fram að ganga. Nefnd þessi mundi væntanlega verða að starfa eitt eða tvö ár. Á meðan er þess ekki að vænta, að jafnvel hinar bráðnauðsynlegustu breytingar yrðu gerðar á bankalöggjöf landsins, því gera má ráð fyrir, að andstæðingar slikra breytinga vitnuðu jafnan til endurskoðunar bankalaganna, er nú stæði yfir. Er og ekki allfjarri að ætla, að ýmsar ráðstafanir, sem Landsbanki Íslands hefir verið látinn gera nú nýlega með samþykki tveggja þingflokka, Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins, hafi orðið þess valdandi, að flutningsmönnum þessarar tillögu hafi þótt hentugt að skapa þá gröf fyrir tillögur þær um breytingar á bankalöggjöfinni, sem fram kynnu að koma, sem þessi nefndarskipun mundi reynast.

Hinsvegar vill undirritaður minni hluti leggja hina mestu áberzlu á það, að ný skipun bankamálanna á ýmsum sviðum þolir enga bið. Alþýðuflokkurinn hefir þar gert grein fyrir stefnu sinni með þremur frv., sem fyrir Alþingi liggja nú. Annarsvegar frv. um seðlabanka Íslands (þskj. 99) og frv. um breyting á lögum um Landsbanka Íslands (þskj. 96), hinsvegar frv. til laga um iðnlánasjóð (þskj. 95). Á bak við fyrsta frv. liggur eins ýtarleg rannsókn á vænlegustu úrlausnarleiðum til að skipa seðlabankamalinu eins og gera má ráð fyrir, að fyrirhuguð millipinganefnd geti innt af hendi. Á bak við frv. um breyting á landsbankalögum stendur nokkuð glögg reynsla síðustu ára og ber þess ótvíráðan vott, að breyting sú, sem þar er ráðgerð á lögum um Landsbanka Íslands, þolir enga bið. Frv. um iðnlánasjóð er tilraun til þess að skapa banka fyrir yngsta stóratvinnuveg þjóðarinnar.

Að öllu þessu athuguðu álitur undirritaður minni hl. tillögu þá, er hér liggur fyrir, gagnslausa og jafnvel til ills eins, með því að aðrar leiðir og nærtækari liggja þegar fyrir því Alþingi, er nú situr, sem sjálfsagt virðist að leggja til grundvallar lausn þessara mála. Legg ég því til, að tillagan verði felld.

Alþingi, 16. apríl 1937.

Sigurður Einarsson.